



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Öldungaráð

Reykjavík, 9. október 2024

MSS24060128

UMSÖGN

Umsögn öldungaráðs um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarfsamning við félög eldri borgara

Tillagan er um að svið borgarinnar geri samstarfssamning við Félag eldri borgara og önnur sambærileg hagsmunafélög eldra fólks. Þau svið sem kæmu helst til greina væru menningar- íþróttar og tómstundarsvið, velferðarsvið og skóla- og frístundasvið. Hugmyndin er að Reykjavíkurborg veiti ákveðnu fjárframlagi til félaganna sem ráðstafar því í launagreiðslur fyrir ýmis störf sem félagsmenn tækju að sér.

Þá virðist vera um að ræða að Reykjavíkurborg og hagsmunafélög eldra fólks myndi með sér ráðningasamband vegna starfa sem losna eða er þörf fyrir í gegnum samstarfssamning. Erfitt er að átta sig á þeirri hugmynd að Reykjavíkurborg veiti ákveðnu fjárframlagi til hagaðila sem virðist vera hugsuð sem ígildi launa og þar af leiðandi líklega hefðbundið ráðningasamband. Af því sögðu þá er hægt að skilja það sem svo að félagsfólk hagaðilanna gangi fyrir í störf hjá borginni umfram aðra umsækjendur og erfitt þá að tryggja jafnræði. Afleysingatorg var sett á laggirnar til að brúa bil þegar þörf var á afleysingu innan skóla og eru störf auglýst á starfasíðu borgarinnar og þar geta öll sótt um, líka eldra fólk. Öldungaráð tekur undir mikilvægi þess að laða eldra fólk í ólík verkefni og að hópurninn sannarlega búi að mikilli reynslu og sérfræðipækkingu.



Reykjavík